Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd

Kópavogi, 11. desember 2023
23111742/001.01 AKG

Umsögn Kópavogsbæjar um tillögu til þingályktunar um húsnæðisáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028.
Þingskjal 579 – 509. mál.

Liður 3.3. Aukin aðkoma sveitarfélaga að uppbyggingu almenna íbúðakerfisins
Kópavogsbær vill leggja sérstaklega áherslu á að taka verður mið af öllum íbúum sem eru eigna- eða tekjuminni í sveitarfélögum landsins í stað þess að tilgreina sérstaklega tiltekna hópa, enda er enginn hópur einsleitur m.t.t. félagslegrar og fjárhagslegrar stöðu. Tryggja verður jafnræði íbúa, annað er brot á jafnræðisreglu.

Liður 3.13 Húsnæði fyrir heimilislaust fólk
Kópavogsbær fagnar áformum um aðkomu ríkis að húsnæðisúrræðum fyrir heimilislausa sem hefur verið mikil áskorun fyrir sveitarfélögin. Sveitarfélögin í Kraganum innan SSH hafa átt í samstarfi um málefni heimilislausra með fjölþættan vanda þar sem ákall er um aðkomu ríkisins að málaflokknum.

Virðingarfyllst,

Anna Kristín G.

Anna Kristín Guðmundsdóttir
Lögfræðingur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

bsi. ISO 9001:2015 Quality Management